



Reykjavíkurborg

Maí 2017

Fréttir úr skóla- og frístundastarfi



Í skóla- og frístundaráði sitja Skúli Helgason, Eva Einarsdóttir, Hermann Valsson, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir, Jóna Björg Sætran og Sabine Leskopf.

FYLGT ÚR HLÆÐI

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs. Sjá [meira](#)

AUGNSTÝRING Í KLETTASKÓLA

Í Klettaskóla eru farnar nýjar nýjar leiðir til að efla styrk, sköpun og sjálfsmynd barna með sérþarfir. Sjá [meira](#)

SKÓLALÓÐIR ENDURGERÐAR Í SUMAR

Framkvæmdir fyrir 425 m.kr. Sjá [meira](#)

KÆRLEIKSVERUR Í VESTURBÆ

Sköpun með öllum skynfærunum er höfð að leiðarljósi í Evrópuverkefni með þátttöku reykvískra menningarbarna. Sjá [meira](#).

MARGIR AÐ MÓTA NÝJA MENNTASTEFNU

Borgarbúum boðið til samráðs um áherslur í menntamálum fram til ársins 2030.. [Sjá meira](#)

SUMARIÐ ER TÍMINN

Fjölmargt er í boði fyrir börn og unglinga í sumar. Sjá [meira](#)

AÐ BERA VIRÐINGU FYRIR SJÁLFUM SÉR

Rimaskóli fékk á dögum hvatningarverðlaun fyrir kynfræðsluverkefni þar sem virðing er leiðarstef. Sjá [meira](#)

ALLIR Á HEIMAVELLI Í FELLASKÓLA

Margbreytileikinn er allsráðandi þar sem 26 tungumál eru töluð í einum skóla og sjö af hverjum tíu nemendum eiga annað móðurmál en íslensku. Sjá [meira](#)

HEILSULEIKAR REYKJAVÍKURBORGAR

Mannúðarstarf, leikur og heilsuefning geta vel farið saman. Sjá [meira](#)

MÍÐJA MÁLS OG LÆSIS

Sérfræðingar veita ráðgjöf. Sjá [meira](#)

SPIL GEGN STAÐALMYNDUM

Er málameistarinn karl, kona eða eitthvað allt annað kyn? Nýtt samstæðuspil um staðalmyndir. Sjá [meira](#)

BARNABÓKAVERÐLAUN TIL UNGRA LISTA-KVENNA

Skuggasaga — Undirheimar besta frumsamda barnabókin á íslensku. Sjá [meira](#)



FYLGT ÚR HLÆÐI

Óhætt er að segja að það sé líf og fjör og mikil gróska í starfi okkar með börnunum í borginni. Heilsuefling er í brennidepli, fréttaveitur fullar af skemmtilegum uppátækjum á starfsstöðvum sviðsins og 10. maí var undirritaður samstarfssáttmáli skóla, frístundamiðstöðva og íþróttafélaga í Árbæ og Grafarholti um heilsueflingu. Í sömu vikunni röðuðu frístundamiðstöðvarnar fimm í borginni sér í átta efstu sætin í vali á *Stofnun ársins 2017 - borg og bær*. Ég óska þeim innilega til hamingju með þennan árangur, þetta er eftirtektarvert og lofsvert.



Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og
frístundasviðs

Í upphafi árs 2017 hófst þverfagleg og þverpólitísk vinna við að móta nýja menntastefnu fyrir Reykjavíkurborg fram til ársins 2030. Menntastefnan verður mótuð í víðtæku samráði allra hagsmunaaðila í skólasamfélaginu; starfsfólks, barna og foreldra og með ráðgjöf færustu sérfræðinga innlendra sem erlendra. Segja má að barnið sé útgangspunktur þessarar stefnumótunar. Markmiðið er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu stefnumál til lengri og skemmri tíma og brýnustu aðgerðir í menntamálum með áherslu á hag barna og ungmenna í reykvísku samfélagi.

Haldnir hafa verið hugarflugsfundir með stjórnendum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfinu í borginni og með börnum og foreldrum. Í lok þessa skólaárs er unnið með menntastefnuna á öllum starfsstöðum SFS og opnað fyrir samráð við borgarbúa á íbúavefnum Betri Reykjavík.

Frá áramótum hefur einnig verið unnið að því að greina starfsumhverfi grunnskólakennara og nýlega hófst vinna við sambærilega greiningu á umhverfi leikskólakennara. Í deigluinni er að vinna sams konar greiningu með frístundastarfsfólki. Ljóst er að það er verk að vinna í framhaldinu. Ég er sannfærður um að þær aðgerðir sem gripið verður til á komandi misserum verði til þess að fjölga fagfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar, auka starfsánægju g efla menntun barnanna okkar.

Nú skín sólin og börnin veltast um allar koppagrundir í námi, starfi og leik. Fögnum sumrinu og bjartri framtíð.

Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS

AUGNSTÝRING Í KLETTASKÓLA

Í Klettaskóla eru tíu nemendur að læra að stjórna tölvumús með augunum. Nemendur eru á ýmsum aldri og eiga það sameiginlegt að geta ekki tjáð sig með orðum. Nokkrir nemendur hafa augnstýribúnað sem þeir nota heima en flestir eru enn í þjálfun til að fá úr því skorið hvort þessi búnaður henti þeim sem tjáskiptaleið.

Ýmsar leiðir eru farnar til að kenna börnunum að stjórna músinni með augunum. Ein er sú að nota leiki sem gefa góða svörun. Þannig er hægt að þjálfra upp færni en leikirnir þyngjast og krefjast meiri nákvæmni og rök-hugsunar eftir því sem á líður. Fjölbreytt tjáskiptaforrit gefur nemendum tækifæri til að tjá sig og hafa áhrif á það sem þeir gera.

Mikilvægt er að finna áhugasvið sérhvers nemanda og kynnast honum í gegnum tjáskiptaforritið. Þannig hafa þeir komið kennara sínum á óvart með áhuga á viðfangs-efnum sem þeir höfðu ekki tök á að sýna áður. Með þessum búnaði er líka hægt að ljá nemendum rödd og veita þeim möguleika til afþreyingar, s.s. í tónlist, sögum og myndböndum.

Í Klettaskóla er notaður tvenns konar augnstýribúnaður. Annars vegar er það MyGaze-hugbúnaður og hins vegar Tobii. Augnstýribúnaður er í fjórum kennslustofum og jafnframt í sérstöku augnstýrirými.

Enn er verið að byggja upp þekkingu á augnstýribúnað fyrir fatlað fólk hér á landi. Samfélagsmiðlar eiga stóran þátt í þeirri þekkingarmiðlun og t.d. eru hópar á Facebook þar sem málin eru rædd og ábendingar koma fram um efni sem nýtist til kennslu. Í hópnum *Augnstýring á Íslandi* er hægt að deila upplýsingum og leita ráða.

Klettaskóli er ráðgjafarskóli og þar er nú komin góð reynsla og þekking á augnstýribúnaði og fjölbreyttum forritum sem hægt er að nota. Leita má til skólans um ráðgjöf fyrir einstaklinga á öllum aldri.



Rakel Ósk Pétursdóttir er nemandi í Klettaskóla. Hér er hún við myndir sem hún gerði með augnstýribúnaði og settar voru upp á sýningu í Ráðhúsinu á Barnamenningarhátíð.



Agnes Freyja skemmtir sér konunglega í augnstýrðri sköpun.

Vissir þú ...

að frá 1. sept. 2017 geta starfsmenn borgarinnar fengið árlegan styrk upp á 72.000 krónur skuldbindi þeir sig til að ferðast til og frá vinnu með öðrum hætti en á einkabíl þrisvar til fjórum sinnum í viku.

SKÓLALÓÐIR ENDURGERÐAR FYRIR 425 MILJÓNIR KR.

Í sumar verður ráðist í endurgerð á tveimur leikskólalóðum og fimm grunnskólalóðum. Lóðir við leikskólana Bakkaborg og Fálkaborg í Breiðholti verða lagfærðar með endurnýjun á leiktækjum og öðrum endurbótum. Þá verður lokið við að endurgera lóðina við Fossvogsskóla og ráðist í endurbætur á lóðum Háaleitisskóla, Brúarskóla og Melaskóla. Kostnaðaráætlun vegna þessara framkvæmda er áætlaður 425 m.kr. og verður hafist handa í maí og fyrirhuguð verklök í ágúst.



Nemendur í Háaleitisskóla afhentu í fyrra borgarstjóra áskorun um að gerðar yrðu endurbætur á skólalóðinni.

KÆRLEIKSVERUR Í VESTURBÆ

Hvernig stuðlum við að því að menning og listir verði eðlilegur hluti af daglegu lífi barna frá fæðingu og fram til 8 ára aldurs?

Svarið við því felst m.a. í verkefninu Evrópsk menningarbörn – Cultural Children of Europe. Í því taka þátt ýmsir skólar og stofnanir í fimm löndum. Myndlistaskólinn í Reykjavík stýrir verkefninu hér á landi og hefur m.a. staðið fyrir verkefninu **Kærleiksveran** með Melaskóla og leikskólunum Sæborg og Hagaborg.

Elstu leikskólabörnin og yngstu grunnskólabörnin taka þátt í *Kærleiksverunni* og um leið myndast brú á milli skóla og skólastiga. Börnin vinna í hópum og er lögð áhersla á upplifun og sköpun með öllum skynfærum. Stuðst er við aðferðina starfendanám (e. action learning) til að greina og meta kennsluna og svara rannsóknarspurningum. Barnið er í aðalhlutverki og er skoðað hvaða áhrif námið hefur á það og hver virkni þess er í náminu. Samhliða þessum markmiðum er tekið mið af Barnasáttmálanum, s.s. í tengslum við lýðræði í skólastofunni. Á meðal þess sem nemendur hafa skapað má nefna kærleiksverurnar sem búa í fagurskreyttum húsa- kynnum sem einnig eru hljóðfæri.

Sýning var sett upp í Melaskóla á afrakstri sköpunarferlisins þar sem m.a. voru leikin tónverk á þessi skemmtilegu hljóðfæri. Í maí verður unnið áfram að þessu verkefni í Melaskóla. Myndlistarmennirnir og kennararnir Elsa Dóróthea Gísladóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir hafa umsjón með *Kærleiksverunni*.



Meira [um verkefnið](#)

TAKTU ÞÁTT Í AÐ MÓTA MENNTASTEFNU

Reykjavíkurborg vinnur að því að móta nýja menntastefnu fram til ársins 2030. Leitað er eftir samráði og þátttöku allra borgarbúa við gerð stefnunnar. Leitast er við að ná fram skoðunum borgarbúa á því hvaða færni 18 ára einstaklingar eiga að hafa öðlast fyrir tilstuðlan skóla- og frístundastarfsins á árinu 2030.

Á vormisserinu hafa verið haldnir hugarflugsfundir með stjórnendum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfinu í borginni og með börnum og foreldrum. Á grundvelli þeirra funda hafa verið settir fram sjö megin hæfnipættir sem lögð skuli áhersla á. Næsta skref er að fá fram skoðanir borgarbúa á þessum þáttum og þeirra hugmyndir að áherslum.

Fram til 10. júní verður opið samráð á íbúavefnum Betri Reykjavík, á vefslóðinni betrireykjavik.is. Þar geta borgarbúar sett fram og forgangsraðað hugmyndum að stefnumiðum í menntamálum, fært fram rök með og á móti og skiptst á skoðunum um stefnumið í skóla- og frístundastarfinu.

Á haustmánuðum verður svo aftur boðið til samráðs á Betri Reykjavík um hvaða breytingar þurfi að gera á skóla- og frístundastarfinu til að laða fram þá hæfni sem mestu máli skiptir að mati borgarbúa og aðila í skólasamfélaginu.

Þetta er í fyrsta sinn sem allir borgarbúar eiga beina aðkomu að því að móta stefnu og framtíðarsýn borgarinnar í ákveðnum málaflökki. Börnin og skóla- og frístundastarfið varðar okkur öll og því er þín skoðun og þátttaka mikilvæg. Vertu með í að móta áherslur í menntastefnunni til ársins 2030 á www.betrireykjavik.is

AFÞREYING FYRIR BÖRNIN Í SUMAR

Í sumar verður margs konar fræðsla og skemmtun í boði fyrir börn og unglinga. Hægt er að finna námskeið eftir aldri, hverfi og efnisflokkum á frístundavefnum www.fristund.is.

Á frístundaheimilunum verður boðið upp á vikunámskeið kl. 9-16, en hægt verður að bæta við viðbótarstund kl. 8-9 og 16-17. Þar verða í boði margvísleg viðfangsefni, farið er í vettvangsferðir og mikið lagt upp úr útivist. Skráning í sumarfrístund er hafin á vefnum sumar.fristund.is.

Fyrir 10-12 ára börn bjóða frístundamiðstöðvarnar upp á sumar-smiðjur sem standa yfir hluta úr degi, heilan dag eða í nokkra daga í senn. Viðfangsefni tengjast m.a. sköpun, útivist, sjálfbærni og hreyfingu. Þáttökugjald ræðst af efniskostnaði, ferðakostnaði og lengd hvernar smiðju. Skráning í sumarsmiðjur fyrir 10-12 ára er frá 16. maí.

Félagsmiðstöðvarnar verða opnar fyrir 13-16 ára í sumar. Upplýsingar um opnunartíma er að finna á heimasíðum og fésbókarsíðum félagsmiðstöðvanna. Unglingum sem voru að klára 9. og 10. bekk standa til boða störf við Vinnuskólann. Nánari upplýsingar www.vinnuskoli.is.



AÐ BERA VIRÐINGU FYRIR SJÁLFUM SÉR OG ÖÐRUM

Eitt þeirra verkefna sem fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs á vormisserinu heitir ***Virðing, kynfræðsla í Rimaskóla.***

Jónína Ómarsdóttir náttúrufræðikennari hefur haft veg og vanda af verkefninu en hún hefur kennt í Rimaskóla frá árinu 1997. Þegar hún hóf að kenna börnum og unglingum um kynlíf var helst fjallað um líffræði, getnaðarvarnir, kynsjúkdóma og fæðingu. Jónínu vildi meiri umræðu við nemendur um tilfinningar og samskipti og því bætti hún ýmsu við kynfræðsluna sem tengdist lífsleikni. Þá beitti hún sér fyrir því að 9. bekkingar fengju fleiri kennslutíma í kynfræðslu og jafnframt var jafnréttis- og kynjafræði bætt við fræðsluna og það hjá öllum árgöngum skólans. Megininntakið í fræðslunni er að kenna börnum og unglingum að bera virðingu fyrir sjálfum sér, líkama sínum og tilfinningum.

„Mér finnst mikilvægast að þau byggi upp jákvæða sjálfsmynd, öðlist sjálfsvirðingu og beri virðingu fyrir öðrum. Þannig læra þau að mynda sambönd sem einkennast af heiðarleika og hreinskilni“, segir Jónína. „Við fræðum þau um jafnréttislögin, stöðu kynjanna í samfélaginu, kynjaða menningu, klám og klámvæðingu sem oft leiðir til kynbundins ofbeldis. Við ræðum líka um líkamsímynd, sjálfsfróun og kynmök og hvernig þau geti lært að þekkja eigin tilfinningar svo þau láti ekki undan kynferðislegum þrýstingi. Að lokum fá allir fræðslu um kynsjúkdóma, meðgöngu, barneignir og foreldrahlutverkið. Nemendur fá m.a. að annast ungbarnahermin eina helgi með öllu því sem tilheyrir að sinna „barni“. Strákar sinna ekki síður en stelpur umönnun „ungabarnsins“ og er þetta því mjög verðugt jafnréttisverkefni til framtíðar.“

Í kynfræðslunni í Rimaskóla geta nemendur líka lagt inn nafnlausar spurningar og heimavinnan er í formi umræðna um álitamál þar sem foreldrar eiga að ræða við barnið sitt áður en fjallað er um það í skólastofunni.

Jónínu og [Rimaskóla](#) er óskað til hamingju með þetta flotta verðlaunaverkefni.



MATSTOFA Í GEISLABAUGI

Á liðnu hausti var opnuð Matstofa í leikskólanum Geislabaugi og borða þá öll elstu börnin saman hádegismat í salnum. Þar ganga þau að hlaðborði með fjölbreyttu matarúrvali.

Börnin ráða með hverjum þau borða, skammta sér sjálf matinn og ganga frá eftir máltíðina.

Fjórir kennarar og matráður eru í matstofunni á meðan börnin snæða og aðstoða þau eftir þörfum. Fyrirkomulagið var vel úthugað, borð eru við allra hæfi, lág borð, há borð og japanskt borð. Þá var leitast við að skapa hlýlegt og róandi andrúmsloft með blómum og dúkum á borðum og rólegri tónlist.

Ánægja er með þetta fyrirkomulag meðal barnanna og starfsfólks. Með því að hafa matstofu á sal hefur skapast meira rými fyrir börnin inn á deild þar sem þau leika og læra, skemmtilegt upp-brot verður í deginum og börnin fá meira val og axla meiri ábyrgð á matartímanum.



ALLIR Á HEIMAVELLI Í FELLASKÓLA

Fellaskóli varð þess heiðurs aðnjótandi að fá fyrstur skóla minningarverðlaun Arthurs Morthens með einróma álit dómnefndar. Verðlaunin fær skólinn fyrir metnaðarfullt skólastarf án aðgreiningar.

Í rökstuðningi valnefndar segir að í Fellaskóla sé margbreytileiki allsráðandi í nemenda- og starfsmannahópnum. 26 tungumál eru töluð í skólanum, um 70% nemenda eru með íslensku sem annað mál og rekja uppruna sinn til fjölmargra landa víðs vegar um heiminn. Sýn skólans er að allir séu þar á heimavelli, nemendur séu viðurkenndir eins og þeir eru, allar fjölskyldur séu velkomnar í skólann og að starfsfólk sé stolt af viðhorfum sínum og störfum.



Lögð er áhersla á að byggja upp traust og vinna að þróunarverkefnum og samþættingu í skólastarfi með það að markmiði að skapa vettvang fyrir raddir nemenda, efla skólaandann og þjálfva nemendur sem virka þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

Arthur Morthens helgaði starfsævi sína börnum sem áttu á brattann að sækja og var talsmaður þeirra, oft á tíðum í erfiðri réttindabaráttu. Hann átti farsælan starfsferil og stóð að stefnumótun borgarinnar í sérkennslumálum en leiðarljós hennar er hugmyndafræðin um skóli án aðgreiningar. Þegar hann lést á liðnu ári samþykkti skóla- og frístundaráð að veita árlega einum grunnskóla í borginni viðurkenningu í minningu hans.

Verðlaunin í ár voru málverk eftir Tolla bróður Arthurs, sem ber nafnið „Leitað svara“.

SPIL GEGN STAÐALMYNDUM

Jafnréttisskóli Reykjavíkur hefur látið útbúa skemmtilegt samstæðuspil þar sem sjá má alls konar fólk sinna alls kyns störfum. Í spilastokknum eru 15 ólík störf og á öðru spjaldinu er kona að sinna starfinu og á hinu er karl. Á sumum spjöldum má sjá einstaklinga sem óljóst er hvort tilheyri kynja- tvíhyggjunni, þeir eru með ýmis konar litarhaft, á ýmsum aldri, fatlaðir og ófatlaðir og með ýmis konar líkamsgerð. Markmið spilsins er að brjóta upp staðalmyndir um kynjuð störf og er það hugsað sem verkfæri til að opna á umræður í barnahópnum.

Spilið má nota á ýmsan hátt annan en sem samstæðuspil, það getur m.a. nýst í sögugerð, leiklist, veiðimanni o.fl.

Listakonan og rithöfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir teiknaði spilin. Allir leikskólar og frístundaheimili borgarinnar fá spilið að gjöf.



HEILSULEIKAR

Í maí hafa staðið yfir Heilsuleikar hjá starfsfólki borgarinnar. Markmiðið er að bæta jafnt líkamlega sem andlega heilsu, mataræði, hafa jákvæð áhrif á samskipti og starfsanda á vinnustöðum.


Starfsfólk notar snjallsímaforritið Sidekick til að skrá hreyfingu, mataræði, slökun og hugrækt. Í forritinu eru einnig heilsutengdir leikir og margs konar áskoranir til að senda milli starfsmanna. Viða hefur starfsfólk í skóla- og frístundastarfi sett þessa heilsueflingu inn í starfið með börnunum.

Um leið og starfsfólk hefur stundað heilsurækt hefur það safnað hreinu vatni fyrir börn í neyð því SidekickHealth og Reykjavíkurborg styrkja UNICEF í hlutfalli við virkni þátttakenda. Aftur verður boðið upp á Heilsuleika næsta haust.



MIDJA MÁLS OG LÆSIS

Miðja mála og læsis býður leikskólum, grunnskólum og fristundamiðstöðvum upp á fræðslu, námskeið, ráðgjöf og stuðning við fagleg vinnubrögð með mál og læsi. Í vetur hafa ráðgjafar heimsótt flestar stofnanir sviðsins og kynnt starfið. Auk þess hafa þeir sinnt ráðgjöf, fræðslu og stuðningi við starfsfólk. [Meira um Miðju máls og læsis.](mailto:mml@reykjavik.is)
mml@reykjavik.is



BARNALIST Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG

Börnin á Grænuborg eiga skemmtileg myndverk á Skólavörðustíg þar sem þau hafa hvert og eitt teiknað og litað sjálfa Hallgrímskirkjuna. Sýningin var opnuð í vorsólinni í maí en vegfarendur geta notið hennar fram í ágústlok.



SKUGGASAGA, INNAN MÚRANNA OG ÍSLANDBÓK BARNANNA FÁ VERÐLAUN

Þrjár ungar listakonur eru handhafar Barnabóka-verðlauna Reykjavíkurborgar 2017 en þau voru afhent síðasta vetrardag í Höfða.

Í flokki frumsaminnna barnabóka komu verðlaunin í hlut Ragnheiðar Eyjólfsdóttur fyrir *Skuggasögu – Undirheima*, en hún er seinni hluti *Skuggasögu – Arftakinn* sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin á árinu 2015.

Halla Sverrisdóttir hlaut verðlaunin fyrir þýðingu sína á *Innan múranna* eftir bandarísku skáldkonuna Nove Ren Suma og verðlaun fyrir bestu myndskreytingu barnabókar fékk Linda Ólafsdóttir fyrir *Íslandsbók barnanna*.

[Barnabókaverðlaunin](#) hafa verið afhent árlega frá árinu 1973 og er markmiðið að vekja athygli á gildi góðra bókmennta í uppeldisstarfi og á metnaðarfullri útgáfu barnabóka.

Valnefnd var að þessu sinni skipuð Brynhildi Björnsdóttur formanni, Jónu Björgu Sætran borgarfulltrúa, Gunnari Birni Melsted grunnskólakennara, Davíð Stefánssyni fulltrúa Rit-höfundasambands Íslands og Þórdísi Aðalsteinsdóttur fulltrúa Sambands íslenskra myndlistarmanna.

